
“Going Some”

Eg lærði sögu' um lyginn mann
með lipurt fótatakið.
í kringum tréð svo hart hann rann,
að hann sá á sér bakið.

Útgönguvers.

Á kveldin gengur ungfrú út,
og af sér léttir hryggð og sút;
hún rennir augum yfir tún,
hvar allir leiðast nema hún.
Þá gengur mærin aftur inn
og aftanblærin strýkur kinn.—
Það vætir hennar hvíta klút
að hafa ekki gengið út.

Hattaskiftin.

Írskan fjanda átti' hún fyrst
og öðrum giftist skratta!
Blessuð landan, brúðkaups þyrst,—
bara skifti um hatta.